

Virðisaukaskattur – bifreiðar

Sérstök skráningarkerki

Innskattshæfar bifreiðar

Virðisaukaskattsskyldum aðilum sem hafa til umráða bifreið sem er innskattshæf ber að skipta um skráningarkerki fyrir 1. júlí 1993. Bifreið er innskattshæf ef hún uppfyllir eftirfarandi formskilyrði og er eingöngu notuð í skattskyldri starfsemi:

1. Sendi- eða vörubifreið með leyfðri heildarþyngd 5.000 kg eða minna sem uppfyllir öll eftirtalin skilyrði:
 - a. Skráð flutningsgeta í fólksrými skal vera minni en helmingur af skráðri burðargetu bifreiðar. Miða skal við að hver maður vegi 75 kg.
 - b. Farmrými, opið (pallur) eða lokað, aftan við öftustu brún sætis eða millipils skal vera a.m.k. 1700 mm. Sé það styttra skal það þó vera lengra en fólksrýmið mælt frá miðri framrúðu.
 - c. Í farmrými mega hvorki vera sæti, sætisfestingar né annar búnaður til farþegaflutninga. Sé bifreið breytt úr fólksbifreið í vöru- eða sendibifreið skulu sæti í farmrými fjarlægð með varanlegum hætti, t.d. þannig að sætisfestingar séu einnig fjarlægðar.
2. Hópibifreið, þ.e. bifreið sem ætluð er til flutnings fleiri en átta farþega, einnig þótt hún sé jafnframt ætluð til annarra nota.

Umskráning

Ef framangreind skilyrði eru uppfyllt þurfa skattskyldir aðilar að skipta um skráningarkerki á bifreið, þ.e. búa bifreið sérstökum skráningarkerkjum sem ætluð eru til nota á innskattshæfum bifreiðum.

Litur skráningarkerkja

Framangreind skráningarkerki eru með hvítum grunni en rönd á brúnum rauð og stafir rauðir auk þess sem á merkjunum er einn rauður tígullaga flötur sem er algerlega óheimilt að hylja.

Skráningareyðublöð/leiðbeiningar

Skráningareyðublöð (RSK 10.33) liggja frammi hjá Bifreiðaskoðun Íslands, ríkisskattstjóra og skattstjórum.

Gefnar hafa verið út leiðbeiningar um sérstök skráningarkerki virðisaukabifreiða og liggja þær frammi hjá Bifreiðaskoðun Íslands, ríkisskattstjóra og skattstjórum.

VIRDISAUKASKATTSSKRIFSTOFA
RÍKISSKATTSTJÓRA